

Sveitarfélagið Stykkishólmur
Hafnargötu 3
340 Stykkishólmur

Selfoss, 17.12.2024
UST202401-228/H.M.V.
08.14.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 7. október 2024 - Sveitarfélagið Stykkishólmur, urðunarstaður við Ögur, ID nr. 22

Þann 7. október sl. fór fram reglubundið eftirlit á urðunarstað Sveitarfélagsins Stykkishólms við Ögur. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar:

1. Ábending er lögð fram vegna vörslu á gámum inn á urðunarstað sem ekki tilheyrir starfsemi urðunarstaðar.

Tvö frávík komu fram er varða:

1. Gr. 4.1 í starfsleyfi. Ekki liggja allar skráningar fyrir vegna innra eftirlits rekstraraðila vegna ársins 2023 og 2022. Rekstraraðila bera að halda til skráningum vegna allra þeirra þátta sem listaðir eru upp undir 4.1 í starfsleyfi og skila inn reglubundið, fyrir 1. maí ár hvert vegna undangengis rekstrarárs. Vantar upplýsingar frá skráningum vegna liða nr. 2-6, sem og 11.
2. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Fullnægjandi aðstaða til sýnatöku og mælinga á grunnvatni skulu vera fyrir hendi til að unnt sé að fylgjast með mengun út frá starfseminni. Engin vöktun fer fram á grunnvatni, þar sem ekkert vatn hefur fundist í sýnatökubrunnum. Þörf er á að endurskoða starfsleyfi urðunarstaðar út frá þeim aðstæðum sem liggja fyrir, þar sem ekki er hægt að vakta grunnvatnið.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 10. janúar 2025.

Virðingarfyllst

Halla Margrét Viðarsdóttir
sérfræðingur

Sigríður Magnúsdóttir
sérfræðingur